

Leiðbeiningar um líffærasendingar

Dýralæknir getur tekið heilasýni út um mænugat með blaðmjóum hníf og töng (mænukylfa og hluti af litla heila). Sýnið skal kæla og senda samdægurs eða næsta dag, annars skal sýnið fryst. Eyrnamerki er látið í glasið.

Garnasýnum frá sama eiganda og sama bæ má safna í einn plastpoka, nema annars sé óskað af eiganda. Takið sýni úr mjögörn við langa 1 fet á lengd.

Önnur líffæri má frysta eins og garnasýni, ef ekki er hægt að kæla þau og senda sama dag eða næsta, en það er alltaf æskilegast.

Eyðublað vegna sýnatöku má ekki láta hjá blautum sýnum heldur í annan poka eða í brot á opi sýnispokans. Skriðið með blýanti eða bleki (tússi), sem vatn leysir ekki upp. Notið [eyðublað Keldna](http://eyðublað.Keldna) sem finna má á síðunni www.keldur.hi.is undir eyðublöð.

Merkið: Eiganda, bæ, búsnúmeri eða bæjarnúmeri og sveitarfélagi.

Hringið, ef sýnið er mjög áriðandi í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum S: 585-5100.

Skrifið utan á pakkann greinilega:

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Áriðandi

Líffæri til rannsókar

(eða annað sem við á t.d nafn viðtakanda)

Nákvæmar upplýsingar stuðla að fullnægjandi rannsóknum.